



Reykjavík, 5.apríl.2023

## **Niðurstaða athugunar á veðsetningar- og greiðslubyrðarhlutföllum fasteignalána Íslandsbanka hf.**

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í ágúst árið 2022 athugun á veðsetningar- og greiðslubyrðarhlutföllum fasteignalána Íslandsbanka hf. (hér eftir Íslandsbanki eða bankinn). Markmið athugunarinnar var að kanna hlítu við VII. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda, sbr. 56. gr. laganna. Í því sambandi var einkum litið til fylgni við reglur Seðlabanka Íslands nr. 701/2022 um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda og eldri reglur nr. 1268/2021 um sama efni og við reglur Seðlabanka Íslands nr. 702/2022 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda og eldri reglur nr. 778/2021 og 666/2017 um sama efni. Vettvangsathugunin byggðist meðal annars á því að skoða verklag og ferla bankans við veitingu fasteignalána til neytenda ásamt því að skoða lánveitingar bankans með úrtaksaðferð. Í athuguninni voru gæði gagna í skýrslugjöf til Seðlabanka Íslands um fasteignalán til neytenda jafnframt könnuð. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í desember árið 2022.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að gagnaskil bankans hafi ekki verið í samræmi við 4. gr. reglna nr. 702/2022 og 6. gr. reglna nr. 701/2022 og eldri reglna um sama efni.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að gæði gagnaskila Íslandsbanka til Seðlabanka Íslands hafi ekki að öllu leyti reynst fullnægjandi og ekki verið í samræmi við leiðbeiningar um skýrslugjöf samkvæmt áðurnefndum reglum. Vankantar voru á að bankinn merkti nýtingu á undanþáguheimildum með viðunandi hætti og upp á skorti að bankinn héldi utan um tiltekin atriði í grunnforsendum lánaákvörðunar í viðeigandi upplýsingakerfi bankans. Fjármálaeftirlitið fór fram á að Íslandsbanki gerði viðeigandi úrbætur á kerfum sínum og verklagi þannig að tryggt sé að viðeigandi og réttar upplýsingar séu skráðar í kerfi bankans og að þau séu ávallt aðgengileg svo rétt gagnaskil til Seðlabanka Íslands séu tryggð eftir fremsta megni.